

LÖG

um breyting á lögum um Landsbanka Íslands, nr. 11/1961.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Starfsár Landsbankans er almanaksárið. Ársreikning skal birta í ársskýrslum bankans og Stjórnartíðindum, en auk þess skal við hver mánaðamót birta yfirlit um efnahag bankans.

Ársreikningi skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað, ferðakostnað og risnukostnað bankans.

Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

I. Launagreiðslur:

- a) Heildarlaunagreiðslur.
 - b) Föst yfirvinna.
 - c) Önnur yfirvinna.
 - d) Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.
- Upplýsingar skulu fylgja um starfsmannafjölda í lið a, b og c.

II. Bifreiðakostnaður:

- a) Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra.
- b) Notkun bílaleigubifreiða.
- c) Notkun leigubifreiða.
- d) Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.

III. Risnukostnaður:

- a) Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
- b) Risna greidd samkvæmt reikningi.

IV. Ferðakostnaður:

- a) Ferðakostnaður innanlands, þ. m. t. dagpeningar.
 - b) Ferðakostnaður utanlands, þ. m. t. dagpeningar.
- Einnig skal í ársreikningi koma fram svofelld sundurliðun á fjármunamyndun:

Efnislegir fjármunir:

- a) Húseignir, lóðir og lendur.
- b) Vélar, áhöld, húsgögn o. fl.
- c) Bifreiðar.
- d) Aðrar eignir.

Sundurliða skal framangreinda flokka þannig:

1. Keypt og byggt á árinu.
2. Selt á árinu.
3. Afskrifað og fært á rekstrarreikning.
4. Endurmat á árinu fært á endurmatsreikning.

Reikningar bankans skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum sem Alþingi kys hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn. Ráðherra úrskurðar reikninga bankans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. mars 1983.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Tómas Árnason.

25. mars 1983

Nr. 36

LÖG**um breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 10/1961.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Starfsár Seðlabankans er almanaksárið. Ársreikningar bankans skulu samdir svo fljótt sem auðið er eftir árslok. Ársreikningi skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað, ferða- og risnukostnað bankans.

Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

I. Launagreiðslur:

- a) Heildarlaunagreiðslur.
 - b) Föst yfirvinna.
 - c) Önnur yfirvinna.
 - d) Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.
- Upplýsingar skulu fylgja um starfsmannafjölda í lið a, b og c.

II. Bifreiðakostnaður:

- a) Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra.
- b) Notkun bílaleigubifreiða.
- c) Notkun leigubifreiða.
- d) Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.

III. Risnukostnaður:

- a) Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
- b) Risna greidd samkvæmt reikningi.

IV. Ferðakostnaður:

- a) Ferðakostnaður innanlands, þ. m. t. dagpeningar.
 - b) Ferðakostnaður utanlands, þ. m. t. dagpeningar.
- Einnig skal í ársreikningi koma fram svofelld sundurliðun á fjármunamyndun: